

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
Sjávarútvegshúsinu
Skúlagötu 4

150 Reykjavík

5. september 2014

Efni: Umsögn um drög að tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína.

Í ágúst var kynnt á vef ráðuneytisins ofangreind drög að þingsályktunartillögu og óskað eftir að umsagnir bærust eigi síðar en 5. september.

Samtök atvinnulífsins þakka fyrir tækifærið til að gera athugasemdir við málið á þessu stigi og telja mikilvægt að frekari upplýsingar fylgi tillögunni þegar hún verður lögð fyrir þingið.

SA hafa áður bent ráðuneytinu mikinn kostnað sem fylgir þeirri stefnu sem kynnt er í tillögunni. Í bréfi SA til ráðuneytisins um málefni Landsnets þann 14. maí sl. segir m.a:

„Samkvæmt kynningu Landsnets má ætla að heildarþjárfestingum næstu 10 ára sé ætlað að verða tæpir 80 milljarðar króna (m.v. óbreytta stefnu um lagningu jarðstrengja). Eftir því sem hlutfall jarðstrengja eykst í fyrirhuguðum framkvæmdum eykst jafnframt kostnaðurinn. Miðað við blandaða leið (10%) hækkar kostnaður um 12,5 ma.kr. og um 24 – 25 ma.kr. ef farin er hollensk eða blönduð leið. Miðað við ódýrustu leiðina mun flutningskostnaður til dreifiveitna hækka um 27% og um 9% til stórnotenda. Miðað við blandaða leið hækkar kostnaður til dreifiveitna um 33% og um 18% til stórnotenda en ef farin er hollensk eða blönduð leið hækkar flutningskostnaður um 41% til dreifiveitna og um 25 – 26% til stórnotenda. Hagsmunirnir, sem um er að tefla, eru því miklir.“

Nauðsynlegt er að gera miklu betur grein fyrir kostnaði við stefnuna en gert er í drögum að þingsályktunartillögunni. Sérstaklega á það við um markmið um hlutfall jarðstrengja á komandi árum eins og þeim er lýst í kafla 2.4. í greinargerð með tillögunni.

Stefna um aukinn hlut jarðstrengja við flutning raforku eykur kostnað fólks og fyrirtækja og hefur bein áhrif á samkeppnismöguleika orkufyrirtækjanna. Aukinn kostnaður við raforkuflutning mun koma fram í lægra orkuverði til virkjana. Samkeppnisstaða atvinnulífsins hér á landi mun versna.

Virðingarfyllst,



Pétur Reimarsson,
forstöðumaður samkeppnishæfnissviðs